

Mál nr. 391/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 28. nóvember 2019, orðið fyrir líkamstjóni er hann féll í hálfu fyrir utan vinnustað sinn, en hann var starfsmaður X. Slysið hafi atvikast í lok dags, og hafi M átt erindi úr á plan við vinnustaðinn, en hvorki hafi verið búið að sanda né salta svæðið þrátt fyrir hættulegar aðstæður. Hann hafi upplýst yfirmann sinn um slysið er hann mætti til vinnu daginn eftir. M byggir á því að vinnuveitanda, X, hafi borið að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum, sbr. nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um sé að ræða vinnusvæði þar sem bílar séu þvegnir, sem auki hættu á hálkumyndun, og starfsmenn eigi oft erindi á. Liggi því í augum uppi að grípa hafi þurft til viðeigandi hálkuvarna, og fylgja því eftir að hálkuvörnum væri sinnt, en eftir slys M hafi verið gripið til frekari ráðstafana til að varna hálkumyndun. V hafi, með bréfi dags. 13. maí 2022, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, m.a. á þeim grunni að leiðbeiningar um verklag við hálkuvarnir hefðu legið fyrir, mannbroddar og kassi með salti hefðu verið aðgengilegir starfsfólki, auk þess sem gerður hafi verið samningur við verktaka um hálkuvarnir eftir þörfum. Ekki liggi fyrir að aðstæður á slysdagi hafi verið með þeim hætti að þörf hafi verið á frekari aðgerðum og því ósannað að X hafi vanrækt skyldur sínar. M mótmælir framangreindu, enda hafi salt verið staðsett hinum megin við götuna og aðgengi að því þar af leiðandi erfitt auk þess sem hægur vandi hefði verið fyrir X að kveikja á upphitun sem sé til staðar á planinu. Þá vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið réttilega tilkynnt Vinnueftirlitinu og verði X þar af leiðandi að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af því að fullnægjandi rannsókn hafi ekki farið fram.

Í bréfi V er lýst þeirri afstöðu að slys M verði ekki rakið til saknæmra mistaka eða saknæms vanbúnaðar af hálfu X heldur aðeins óhappatilviljunar. Þá sé atvikalýsing M röng, enda hafi M, bæði gagnvart X og eins í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem hann hafi undirritað, lýst atvikum svo að hann hafi verið á leið til vinnu þegar hann rann í hálfu og slasaðist á hné. Á matsfundi hafi M þá gefið sömu lýsingu. Í málskoti og kröfubréfi M sé hins vegar að finna aðra lýsingu og sé því ljóst að frásagnir af slysstað og tíma séu mjög á reiki auk þess sem af læknisfræðilegum gögnum sé ekki ljóst hvenær slysið atvikaðist. Þó verði að telja ljóst að slys M hafi átt sér stað snemma morguns en ekki í lok dags. Verði X ekki metið það til sakar að hafa ekki hálkuvárið planið á þeim tíma dags enda hafi M mætt fyrstur til vinnu og samkvæmt verkáætlun sé það í verkahring þess starfsmanns að hálkuverja. Ekki hafi verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið slíkar að ástæða hafi verið til hálkuvarna áður en vinnudagurinn hófst. Þá hafi slys M virst minni háttar og M fljótt kominn til starfa aftur og hafi því ekki skapast skylda til að tilkynna slysið innan sólarhrings til Vinnueftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að um sé að ræða misskilning varðandi það hvenær slysið hafi átt sér stað. Áréttað er slysið hafi atvikast að kvöldi 29. nóvember 2019 og hafi verið vitni að því, en sá einstaklingur sé nú fluttur úr landi og vitnisburður hans því ekki fyrirliggjandi. Yfirmaður M hafi hins vegar ekki verið störfum fyrr en morguninn eftir og hafi honum verið tilkynnt um atvik þá. Við það hafi væntanlega umræddur misskilningur skapast og hann leitt yfir í matsskýrslu, þar sem lýsing úr tilkynningu til Sjúkratrygginga hafi verið tekin upp. Jafnvel þó M hefði sjálfur átt að sinna hálkuvörnum hefði hann eftir sem áður þurft að ganga yfir götuna til að sækja salt. Mergurinn málsins sé eftir sem áður sá að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt sem skyldi og áréttað er að ekkert liggi fyrir um að kallaður úr verktaki til að hálkuverja, né hafi verið kveikt á upphitun undir planinu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Engar ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi á slysdegi, né eru fyrirbyggjandi upplýsingar um veðurastæður. Þá verður að taka undir með V varðandi það að nákvæm tímasetning er nokkuð á reiki, þannig er t.a.m. ekki að finna sömu dagsetningu í málskoti og viðbótarathugasemdum M auk þess sem í bráðamóttökuskrá vegna komu M dags. 29. nóvember 2019 segir að atvikið hafi átt sér stað tveimur dögum fyrr. Hvað sem því líður liggur fyrir, í tilkynningu X til V að ekki hafi verið ágreiningur um að um vinnuslys hafi verið að ræða, og kemur þar fram að M hafi verið þrjá daga frá vinnu, en á bráðamóttöku hinn 29. nóvember 2019 fékk M vottorð um óvinnufærni í eina viku. Á grundvelli þess að M var sannanlega óvinnufær í kjölfar slyssins bar X, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins. Á grundvelli þess að það var ekki gert ber að slaka á almennum sönnunarkröfum hvað varðar atvikið sjálf, og verður því að byggja á því slys hans hafi atvikast með þeim hætti að hann hafi fallið í hálku á plani við vinnustað sinn í lok vinnudags. Það eitt að M hafi fallið í hálku leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að bótaskylda stofnist á hendur X, heldur þarf í öllu falli, jafnvel þó tilkynningarskylda hafi verið vanrækt, að gera það líklegt að X hafi vanrækt skyldur sínar hvað varðar það að tryggja öryggi á vinnustað. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni liggur ekki fyrir að almennum hálkuvörnum hafi verið ábótavant eða að tilefni hafi verið til sérstakra aðgerða umrætt sinn. Það að gripið hafi verið til aukinna úrræða til að varna hálkumyndun í kjölfar slyss M verður þá ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök X. Eins og mál þetta liggur fyrir verður M að bera hallann af framangreindu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir